

Ed.

58. Nefndarátt

um frv. til laga um skifting Gullbringu- og Kjósarsýslu í tvö kjördæmi.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir klotnað um þetta mál, og vill meiri hluti nefndarinnar vist eigi, að frv. gangi fram.

Minni hlutinn fellst aftur á frv. og telur rjett, að það verði samþykkt. Sjerstaklega má lita á þá ástæðu fyrir skiftingunni, að atvinnuhögum er talsvert öðruvísi háttað í Hafnarfirði en annarsstaðar í kjördæminu. Enn er að visu kaupstaðurinn mannfærri en sýslurnar báðar, en vel mætti svo fara, að sá munur yrði eigi teljandi, er lögín koma til framkvæmda. Með núverandi íbúatölu er Hafnarfjörður þó nokkuð fyrir ofan meðaltal mannfjölda í öðrum kjördæmum landsins.

Alþingi hefir áður skift kjördæmum, þegar óskir hafa komið fram um það og ástæður annars mælt með því.

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði hefir sent Alþingi tillögu, er hún hefir samþykkt í þessu máli, er sýnir, að bæjarstjórnin mælir eindregið með frv. Er sú ályktun prentuð aftan við nefndarálitið sem fylgiskjal.

Tillaga okkar er, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. febr. 1926.

Jón Baldvinsson,
frsm. minni hl.

Pjetur Þórðarson.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr gerðabók bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Ár 1926, hinn 16. febrúarmánaðar, átti bæjarstjórnin fund með sjer á venjulegum stað og tíma. Var honum stýrt af bæjarstjóra Magnúsi Jónssyni.

Á fundinum gerðist það, er hjer segir:

1.
2. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar sendir áskorun til Alþingis um, að Hafnarfjarðarkaupstaður verði gerður að sjerstöku kjördæmi nú þegar á þessu þingi, með tilliti til mismunandi hagsmuna kaupstaðar og sýslna, og fólksfjölda annara kaupstaða, sem eru sjerstakt kjördæmi. —

Fundi slitið. Magnús Jónsson.

Gunnl. Kristmundsson. Ólafur Böðvarsson. Þorv. Árnason. Ásgr. Sigfússon.
Kjartan Ólafsson. Guðm. Jónasson. Davið Kristjánsson. Jón Einarsson.
Björn Jóhannesson.

Rjetta útskrift staðfestir.

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði hinn 17. febr. 1926.

Magnús Jónsson.